

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

## Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur: Mál nr. S-120/2024 í samráðsgátt, Frumvarp til laga um loftslagsmál (ný heildarlög)

Vísað er til máls nr. S-120/2024 í samráðsgátt, Frumvarp til laga um loftslagsmál (ný heildarlög). Tilkynning um áform um lagasetningu setningu nýrra heildarlaga um loftslagsmál. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn.

HER tekur undir mikilvægi þess að endurskoða lög um loftslagsmál og gefa út ný heildarlög. HER vill benda á að tryggja þarf að í loftslagsráð sé skipað aðeins fagfólk með sérþekkingu á málefnum til að sem best verði haldið utan um málaflokkinn.

Þá vill HER benda á að skilyrða þyrfti í nýjum heildarlögum að við gerð skipulagstillaga, umhverfismats og við ákvarðanir sem varða strandsvæði og landfyllingar í sjó beri að styðjast aðeins við nýjustu fáanlegar upplýsingar um hækkandi sjávarstöðu og áhrif loftslagsbreytinga á veðurfar. Við mat á umhverfisáhrifum er stundum stuðst við eldri gögn sem endurspeglar ekki raunástand í dag en hækkun sjávarstöðu hefur t.d. verið mun hraðari en spár gerðu ráð fyrir. Í mörgum tilfellum liggur eldra umhverfismat til grundvallar framkvæmdum en skilyrða þyrfti að endurskoða skuli þessi atriði áður en framkvæmdir hefjast, sérstaklega þegar um er að ræða strandsvæði og landfyllingar í sjó.

HER áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir

Verkefnastjóri



# ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

<b>Málsheiti og nr.</b>	Frumvarp til laga um loftslagsmál (Ný heildarlög)
<b>Ráðuneyti /verkefnisstjóri</b>	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
<b>Innleiðing EES-gerðar?</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
<b>Dags.</b>	18. júní 2024.

## A. Úrlausnarefni

### 1. Forsaga máls og tilefni.

12 ár eru liðin frá setningu laga nr. 70/2012 um loftslagsmál og hefur lögunum verið breytt margoft frá gildistöku þeirra. Lög nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir felldu brott úr lögum um loftslagsmál þá kafla sem fjölluðu um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir en stór hluti laganna fjallaði áður um viðskiptakerfið. Greining á lögum um loftslagsmál hefur enn fremur leitt í ljós að þörf er á heildarendurskoðun laganna með setningu nýrra heildarlaga. Með því móti verður hægt að skýra og útfæra betur ýmis ákvæði laganna ásamt því að kanna hvar þarf að bæta lögin. Heildarendurskoðun loftslagslaga rímar enn fremur vel við efni stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri hreyfingarinnar-græns framboðs þar sem kemur fram að stjórnsýsla loftslagsmála verði styrkt og hlutverk Loftslagsráðs tekið til endurskoðunar með aukinni áherslu á ráðgefandi hlutverk þess og vísindastarf auk aðhalds- og eftirlitshlutverks gagnvart stjórnvöldum.

### 2. Hvert er úrlausnarefnið?

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um loftslagsmál. Fara þarf yfir kafla laganna með það að markmiði að uppfæra ákvæði sem fyrir eru, svo sem ákvæði um loftslagsráð og loftslagsstefnu og eftir atvikum fella brott eða bæta við nýjum ákvæðum.

Það þarf að endurskoða ákvæði vegna loftslagsaðgerða skv. II. kafla laganna, þ.e. aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og aðlögunaráætlun með það að markmiði skýra hlutverk og samsetningu verkefnisstjórnar sem og skyldur samkvæmt báðum áætlunum. Jafnframt þarf að skoða hver aðkoma Alþingis að báðum áætlunum á að vera.

Þá þarf að taka til skoðunar ákvæði um loftslagsstefnu ríkis og sveitarfélaga í virku samtali við viðeigandi hagaðila og kanna þörf á nánari útfærslu fyrirkomulags og ábyrgðarskiptingar. Eins er þörf á endurskoðun ákvæðis um skýrslu um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi og tengsl hennar við samstarf Íslands og milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar (IPCC) út frá ábendingum vísindanefndar um loftslagsbreytingar. Þar gæti einnig verið þörf á skýrari lagastoð og reglugerðarheimild vegna vinnu þvert á þær stofnanir sem veita loftslagsþjónustu.

### 3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Lög um loftslagsmál voru sett fyrir 12 árum og hefur lögunum verið breytt margoft síðan þau tóku gildi. Það er einnig ljóst er að það þarf að fara heildrænt yfir löggjöfina eftir að ákvæði um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir voru felld brott með lögum nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

## B. Markmið

### 1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.

Fyrirhugað frumvarp er á málefnasviði 17 um umhverfismál og fellur undir málaflokk 17.5 um stjórnsýslu umhverfismála. Ríkisstjórnin setur loftslagsmál í forgang og ætlar að setja fram sjálfstætt landsmarkmið um 55% samdrátt í losun fyrir 2030 og ná kolefnishlutleysi eigi síðar en 2040. Stefna um aðlögun var sett haustið 2021 en stefnan er grundvöllur yfirstandandi vinnu við aðlögunaraðgerðir.

### 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.

Fyrirhugað frumvarp fellur vel að fyrrgreindum markmiðum ríkisstjórnarinnar. Samþykkt frumvarpsins mun jafnframt renna styrkari stoðum undir að markmið um samdrátt í losun fyrir 2030 náist.

## C. Leiðir

### 1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Ákvæði laganna eru mörg hver komin til ára sinna. Ef ekkert er aðhafst, getur það haft þær afleiðingar að ekki verður lagastoð fyrir þeim aðgerðum sem þarf að ráðast í á næstu árum svo markmiði stjórnvalda um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda verði náð. Málaflokkur loftslagsmála hefur verið í örri þróun undanfarin ár og nú þegar er ýmis vinna með stofnunum og hagaðilum skilgreind með vísan í viljayfirlýsingar og minnisblöð milli aðila. Ef lög in standa óbreytt er fyrirséð að það hægi á innleiðingu þeirra verkefna sem þarf að ráðast í á sviði loftslagsmála og að verr muni ganga að ná markmiði um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

### 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.

Ljóst að þörf er á lagabreytingu þar sem fyrirhugað er að setja ný heildarlög um loftslagsmál.

### 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu.

Þær leiðir sem færar eru:

1. Breyting á lögum um loftslagsmál.
2. Ný heildarlög um loftslagsmál.

## D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

### 1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.

Best fer á því að gefa út ný heildarlög um loftslagsmál því taka þarf lög in til gagngerrar endurskoðunar í ljósi breyttra aðstæðna í loftslagsmálum hnattrænt og vegna þess að stór hluti laganna var færður í ný sérlög. Það þarf að rýna öll ákvæði sem eftir standa í lögum með tilliti til þess að þau verði uppfærð til samræmis við núverandi og áformuð verkefni á sviði loftslagsmála svo áætlun um aðlögun og markmiði um samdrátt í losun verði náð.

### 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.

Lagt verður til að skýrt verði kveðið á um loftslagsmarkmið í lögum með vísan til Parísasamningsins.

Endurskoða þarf hugtök orðskýringa.

Það þarf að útvíkka samsetningu verkefnisstjórnar svo hún taki til allra ráðuneyta. Það þarf enn fremur að útvíkka ábyrgð verkefnisstjórnar svo hún taki til beggja loftslagsáætlana og verði verkefnisstjórn loftslagsaðgerða.

Það þarf að bæta við lög in ákvæði sem skilgreinir betur aðlögunaráætlun.

Það þarf að samræma og útfæra betur reglugerðarheimildir vegna aðgerðaáætlunar, aðlögunaráætlunar og verkefnisstjórnar.

Það þarf að endurskoða ákvæði um verkefni loftslagsráðs en verkefnin hafa þótt of umfangsmikil eða óljós, svo sem ákvæði um að ráðið sinni „öðrum verkefnum sem ráðherra felur ráðinu hverju sinni“ en það þykir vera í mótsögn við ákvæði um sjálfstæði ráðsins.

Það þarf að útfæra ákvæði um loftslagsstefnur ríkis og sveitarfélaga út frá fenginni reynslu við gerð þeirra og hvernig eftirliti með þeim hefur verið háttað.

Það þarf að víkka út ákvæði um skýrslugerð vegna loftslagsbreytinga svo það samrýmist margþættri skýrslugjöf milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar (IPCC) og setja inn reglugerðarheimild um starf stjórnvalda vegna vinnu við skýrslugjöf og samstarf við milliríkjanefndina og loftslagsþjónustu.

Að síðustu þarf að endurskoða III. kafla A. samkvæmt uppfærðum reglugerðum ESB um skuldbindingar og uppgjorsreglur vegna losunar á beinni ábyrgð ríkja (e. Effort Sharing Regulation) annars vegar og landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt (e. LULUCF) hins vegar.

#### E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

**1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?**

Hluti frumvarpsins varðar skuldbindingar Íslands samkvæmt rammasamningi S.þ. um loftslagsbreytingar. Þau ákvæði frumvarpsins munu stuðla að því að markmiðum Íslands um samdrátt í losun verði náð.

**2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?**

Nei

**3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?**

Nei.

#### F. Samráð

**1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?**

Veðurstofa Íslands

Umhverfisstofnun

Orkustofnun

Land og skógur

Samband íslenskra sveitarfélaga

Landshlutasamtök sveitarfélaga

Loftslagsráð

Samtök atvinnulífs og vinnumarkaðar

Háskólarnir

Umhverfis- og náttúruverndarsamtök

**2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?**

Öll ráðuneyti.

**3. Samráð sem þegar hefur farið fram.**

Óformleg samtöl við hagsmunaaðila hafa átt sér stað um þörf á lagabreytingum, í samhengi vinnu við reglugerðir sem byggja á núverandi reglugerðarheimildum í lögum um loftslagsmál.

**4. Fyrirhugað samráð.**

Frekara samtöl við ofangreinda hagaðila mun fara fram á meðan vinna við frumvarpið fer fram.

#### G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

**1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal.**

## H. Næstu skref, innleiðing

**1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina?**

Já.

**2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?**

Nú þegar hefur verið efnt til aukins samstarfs við Veðurstofu Íslands, Umhverfisstofnun og Orkustofnun vegna nýs skipulags í kringum verkefnisstjórn loftslagsaðgerða og skýrslugerðar um loftslagsbreytingar en gera má ráð fyrir að það fyrirkomulag verði í mótun á næstu árum. Ný heildarlöggjöf um loftslagsmál gerir kleift að fastsetja betur fyrirkomulagið en það má útfæra frekar með reglugerðum sem verða settar á grundvelli laganna.

**3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?**

Nauðsynlegt er að efla stjórnýslu loftslagsmála svo innleiðing og eftirfylgni loftslagsaðgerða verði tryggð. Fyrirhugað lagafrumvarp mun setja ramma utan um markmið, skuldbindingar og loftsaðgerðir. Tryggt verði að stjórnýsla loftslagsmála og loftslagsaðgerðir séu fjármagnaðar og vel samhæfðar til að þær beri árangur og markmiði um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda verði náð.

Góð samskipti við viðeigandi stofnanir og sveitarfélög um hlutverk loftslagsstefnu og nauðsynlega gagnasöfnun og upplýsingagjöf eru einnig nauðsynleg svo stefnan nái fram að ganga.

**4. Mælikvarðar á árangur og útkomu.**

Mælikvarðar í aðgerðaáætlun og aðlögunaráætlun.

Fjöldi sveitarfélaga með loftslagsmarkmið og loftslagsaðgerðir í framkvæmd.

**5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?**

Já, stofnanir safna nauðsynlegum upplýsingum til að reka mælikvarða á framgang áætlana með hliðsjón af loftslagsmarkmiðum og skuldbindingum Íslands í loftslagsmálum.

## I. Annað

## J. Fylgiskjöl

- 1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.**
- 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.**



# MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR\*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

\*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um loftslagsmál (ný heildarlög)
Ráðuneyti	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	18.júní 2024.

## A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. **Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs.**

a) **Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?**

Engin greining hefur enn farið fram. Um er að ræða frumvarp til laga um loftslagsmál sem verða ný heildarlög um loftslagsmál. Ekki er þó talið að um sé að ræða nein ný verkefni að svo stöddu og því hægt að byggja á þeim greiningum sem þegar hafa verið unnar vegna fjárlaga og fjármálaáætlana.

b) **Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum.**

Áætlanir munu byggja á því að markmiðum aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum verði náð. Takist það ekki mun það væntanlega hafa í för með sér kostnað vegna aukinna áhrifa af völdum loftslagsbreytinga á umhverfi og samfélag. Breytingar á tilteknum ákvæðum laganna geta haft í för með sér aukinn kostnað við innleiðingu loftslagsstefnu, t.d. með auknu hlutverki stofnana, ráða eða starfshópa.

c) **Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?**

Í frumvarpinu verður áfram skilgreindur rammi utan um aðgerðir ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Gera má ráð fyrir því að áfram þurfi að verja talsverðum fjármunum í aðgerðir til að sporna og bregðast við áhrifum loftslagsbreytinga.

d) **Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldaþróun.**

Skuldbindingar Íslands, markmiðasetning og greiningar á árangri aðgerða er það sem markar þörf á útgjaldasvigrúmi við gerð fjármálaáætlunar hverju sinni.

e) **Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlið og gjaldahlið en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu.**

Áhrif á tekjur og gjöld velta á árangri Íslands varðandi samdrátt í losun og aukna bindingu. Árangur er háður því að skýr rammi sé til staðar varðandi stjórnsýslu og innleiðingu og eftirfylgni loftslagsaðgerða. Ef aðgerðir skila ekki fullnægjandi árangri munu gjöld falla á ríkissjóð fyrir hvert ár til 2030. Tekjur gætu að sama skapi myndast ef árangur verður umfram skuldbindingar skv. Parísarsamningnum.

2. **Tekjubreytingar.**

– **Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.**

Sjá e-lið fyrir ofan. Tekjubreytingar innan málaflokksins snúa að öðru leyti helst að innleiðingu áætlana á sviði loftslagsmála sem eru að stórum hluta óháðar mögulegum breytingum á ákvæðum.

**3. Útgjaldabreytingar.**

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.

Engar að svo stöddu.

**4. Eignabreytingar.**

– Sjá sérstakan gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum.

Engar.

**5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál.**

a) **Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum.**

Á ekki við.

b) **Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál.**

Á ekki við.

c) **Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs.**

Á ekki við.

d) **Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur.**

Á ekki við.

e) **Rekstrarform ríkisstarfsemi.**

Á ekki við.

f) **Opinber innkaup og útboð.**

Á ekki við.

g) **Eignaumsýsla ríkisins.**

Á ekki við.

h) **Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.**

Á ekki við.

i) **Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.**

Á ekki við.

**B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun**

1. **Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:**

a) **í gildandi fjárlögum**

Óvíst hver áhrifin verða.

b) **í fjárlagafrumvarpi komandi árs**

Óvíst hver áhrifin verða.

c) **í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar**

Óvíst hver áhrifin verða.

2. **Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?**

Á ekki við.

3. **Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?**

Mögulega vegna sölu á árlegri losunarúthlutun.



### C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. **Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.**  
Engar.
2. **Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnáslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999?**  
– Sjá leiðarvísinn „Grunnmat á eftirlitsreglum“
3. **Samkeppnisskilyrði.**
  - a) **Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta).**  
Engar.
  - b) **Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja).**  
Engar.
  - c) **Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar, t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd).**  
Engar.
  - d) **Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda virka samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)**  
Engar.

### D. Önnur áhrif

1. **Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.**  
– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.  
Óljóst.
2. **Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).**  
– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.  
Engin.
3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.**  
– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011.  
Engin.
4. **Áhrif á byggðalög.**  
Óljóst.
5. **Áhrif á frjáls félagasamtök.**  
Engin.
6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna.**  
– Sjá leiðarvísi fyrir mat á jafnréttisáhrifum.  
– Sjá greiningarramma fyrir jafnréttismat.



Engin.

**7. Áhrif a lýðheilsu.**

Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda hefur væntanlega góð áhrif á lýðheilsu því loftgæði verða betri.

**8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.**

Óbein áhrif geta verið að menntun, nýsköpun og rannsóknir á sviði loftslagsmála verði aukin og eflist.

**9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.**

Engin.

**10. Áhrif á stjórnsýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.**

Með frumvarpinu verður stuðlað að því að ráðuneyti og stofnanir verði í stakk búin til að takast á við verkefni.

**11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.**

Óljóst.

**12. Áhrif á loftslag, umhverfi og náttúru.**

Áframhald verður á kröfu um loftslagsstefnu ríkis og sveitarfélaga og aðgerðaáætlun í loftslagsmálum auk aðlögunaráætlunar. Íbúar/atvinnulíf/opinberar stofnanir þurfa að aðlaga sig að breyttum aðstæðum í hitnandi heimi. Því fyrr sem er gripið inn í því vægari þurfa mótvægisáðgerðir að vera.

Áhrif af frumvarpi geta leitt til þess að meiri samdráttur næst í losun gróðurhúsalofttegundar sem hefur heilt yfir góð áhrif á loftslag, umhverfi og náttúru. Gera má ráð fyrir að loftmengun minnki samfara samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda.

Hnattræn hlýnun felur í sér að vandamálið er ekki einskorðað við Ísland en aðgerðir og árangur Íslands getur orðið fyrirmynd annarra ríkja.

**E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á**

**1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.**

Verði frumvarpið að lögum hefur það óveruleg bein áhrif á ríkissjóð. Frumvarpið gæti kallað á aukið fjármagn vegna stjórnsýslu loftslagsmála.

**2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.**

**3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).**

Alþjóðlegar aðgerðir í loftslagsmálum geta haft í för með sér aukinn fjárhagslegan kostnað en ábáti felst meðal annars í tekjum fyrir ríkissjóð, bættri lýðheilsu, öruggara umhverfi og gjaldeyrissparnaði vegna minnkandi kaupa á innfluttu jarðefnaeldsneyti.

**F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati**

**1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?**

**2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?**

**3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?**



# MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR\*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

\*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

<b>Málsheiti og nr.</b>	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012. (Stjórnsýsla loftslagsmála) UMH22
<b>Ráðuneyti</b>	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
<b>Stig mats</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
<b>Dags.</b>	22. desember 2022

## A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. **Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs.**

Frumvarpið gæti haft í för með sér aukinn kostnað vegna breytinga á umsjón verkefnis – og einnig tilfærslu kostnaðar innan fjárhagsramma á málefna sviði 17 Umhverfismál. Kostnaðarauki er þó metinn óverulegur.

## B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. **Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:**

Þegar er gert ráð fyrir fjármagni í málaflokkinn í gildandi fjárlögum, fjárlagafrumvarpi komandi árs og í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar í núverandi fyrirkomulagi. Hins vegar liggur ekki fyrir hvort fyrirhugaðar breytingar muni hafa í för með sér verulega aukinn kostnað sem þá hefur ekki verið tekið tillit til.

2. **Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?**

Fjárheimildir eru til staðar en hvort þurfi auknar fjárheimildir innan útgjaldaramma málaflokksins þarf að skoða þegar tillögur um breytingar liggja fyrir.

3. **Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?**

Nei

## C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. **Á ekki við.**

## D. Önnur áhrif

1. **Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011**  
Sennilega ekki.
2. **Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)**  
Engin áhrif.
3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000**  
Engin áhrif.

**4. Áhrif á byggðalög**

Engin áhrif.

**5. Áhrif á frjáls félagasamtök**

Engin áhrif.

**6. Áhrif á jafnrétti kynjanna**

– Sjá leiðarvísi fyrir mat á jafnréttisáhrifum

**7. Áhrif a lýðheilsu**

Engin áhrif.

**8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir**

Ef lagðar verða til breytingar á hlutverki Loftslagsráðs er mögulegt að þær muni hafa áhrif á rannsóknir og eflingu vísindastarfs skv. yfirlýstu markmiði ríkisstjórnar.

**9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri**

Engin áhrif.

**10. Áhrif á stjórnsýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni**

Mögulegt að hlutverk Umhverfisstofnunar í sambandi við loftslagsstefnu, taki breytingum.

**11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar**

Engin áhrif.

**12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun**

Engin áhrif.

**E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á**

**1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag**

Ekki er talið að samþykkt frumvarps komi til með að hafa veruleg kostnaðaráhrif á afkomu ríkissjóðs.

Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á Samkvæmt stjórnarsáttmála verður regluverk endurskoðað ásamt því útbúa einfalda og skýra ferla með hliðsjón af markmiðum stjórnvalda.

Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat) sjá ofangreint.

**F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati**

**1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?**

**2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?**

**3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?**